

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsfólk borgarskjalasafns – PON23010028

Mikilvægt er að starfsfólk Borgarskjalasafnsins haldi sinni stöðu næstu fjögur árin enda mikilvægt að ekki myndist upplýsingagjá komi til flutnings safnsins. Mikilvægt er að þekking á safnkosti safnsins haldi sér við allar breytingar sem kunna að verða á starfsemi þess. 1. Munu borgarskjalavörður og starfsmenn Borgarskjalasafnsins halda sinni stöðu næstu fjögur árin? 2. Hvernig verður þjónustu- og eftirlitshlutverki safnsins háttað næstu fjögur árin?